



ORKUSTOFNUN

Hitamæling og sýnataka úr holu 10

Jens Tómasson, Magnús Ólafsson, Ómar Sigurðsson

Greinargerð JT-MÓ-Ómar-87-10

HITAMÆLING OG SÝNATAKA ÚR HOLU 10

Pann 5.11.1987 var hola 10 hitamæld. Djúpsýni til efnagreiningar voru tekin viku seinna. Ekki hafði verið dælt úr holunni frá því í apríl 1987. Á meðfylgjandi mynd er áðurnefnd hitamæling frá H-10 og svo hitamæling frá 29.12.1984. Einnig er sýnd mæling frá 1984 þegar hrún kom fram í holunni. Lítill munur er á þessum hitamælingum nema holan hefur kólnað mikið fyrir ofan 400 m dýpi, en fyrir neðan 560 m dýpi hefur holan hitnað. Hitnunin fyrir neðan 560 m dýpi er vegna þess að uppstreymi hefur aukist frá vatnsæðinni á 1020-1030 m upp í vatnsæðina á 550-560 m dýpi. Þetta uppstreymi hefur verið í gangi í alllangan tíma og má greina í djúpsýni frá 1982.09.07. Hitinn fyrir neðan 560 m var þó mjög svipaður 1982 og 1984. Það sem hefur breyst á svæðinu er dæling úr holu 9 sem var í gangi nær samfellt til 1986. En síðan byrjað var að dæla úr holu 13 snemma árs 1986 hefur hola 9 lítið verið gangsett. Hola 10 hitnæði um einar 2°C þegar hætt var að dæla úr holu 9 og það var skýrt þannig, að þegar hætt var að dæla úr holu 9 hafi þrýstingur í æðinni í 1020 m hækkað vegna niðurrennslis frá 300 m niður í 910 m í holu 9 (Jens Tómasson o.fl. 1986). Þessi hitamæling í holu 10 rennir stoðum undir þá kenningu að niðurrennslid í holu 9 valdi þrýstaukningu í 1020 m æðinni í holu 10.

Það er smá hnykkur á hitamælingunni við æðina í 1020 m. Þessi hnykkur var einnig eftir borun og virðist ekki um kólunum að ræða þá á þessu dýpi enn sem komið er. Kólununin fyrir ofan 400 m dýpi stafar af tvennu. Árið 1984 var heitara fyrir ofan 400 m dýpi vegna þess að bergið hafði hitnað eitthvað af vatninu sem dælt var úr holunni en mælingin var gerð tiltölulega stuttu eftir að hætt var að dæla. Ef mælingin nú er borin saman við mælingu frá 1979, en þá hafði enn ekki verið dælt úr holunni svo hitinn í holunni er því nálægt berghita, þá sést að það hefur orðið talsverð kólunum síðan 1979 einkum í kringum 200 m um 3-7°C. Þetta er raunveruleg kólunum á bergeninu á milli mælinga. Engin kólunum hefur orðið í 400 m æðinni á milli mælinga.

Hér eru einnig birtar hitamælingar sem gerðar voru með handrúllu í holum 3, 4, 6, 7 og 8 síðastliðið sumar. Allt eru þetta mæliholur með steypum mælirörum. Lauslegur samanburður við eldri mælingar frá því í janúar 1986 fyrir holar 3, 4, 6 og 7 sýnir almennt 1-2°C kólunum niður á um 350 m dýpi. Aftur á móti virðist koma fram hitnun fyrir neðan 450 m dýpi. Fyrir holu 8 sem gerð var að mælingarholu í mars 1986 virðist hitinn óbreyttur fyrir ofan 450 m dýpi, en þar fyrir neðan hefur holan hitnað nokkuð. Til að fá betra mat á raunverulega kólunum eða hitnun holanna og þar með jarðhitakerfisins er þörf frekari úrvinnslu.

Árið 1982 (7. september) voru tekin djúpsýni úr holu 10 á 440 og 560 m dýpi. Pann 11. nóvember síðastliðinn voru tekin djúpsýni á sama dýpi í holunni og að auki á 800 m dýpi. Niðurstöður nokkurra efnagreininga eru sýndar í Töflu 1. Þar kemur fram að ekki er um verulega breytingu að ræða, þó eru sýnin frá síðastliðnu hausti lítið eitt klóríðsnauðari. Klóríðmagn vatnsins á 440 m dýpi er nánast það sama og í vatninu, sem hefur verið dælt upp úr holunni. Á 800 m dýpi er klóríðmagn um 500 mg/kg, og er það trúlega nærrí settu heits vatns djúpt í jarð-

hitakerfinu. Þó vatnið sem rennur upp holuna sé að mestu ómengad djúpvatn, þ.e. þ.e. ómengad af íblöndun "hraunavatns", þá er ekki öruggt að æðarnar neðan 560 m gefi ómengad djúpvatn þegar dælt verður úr holunni.

TAFLA I. Efnasamsetning djúpsýna úr holu 10 (mg/kg)

Dags. Dýpi (m) Númer	82-09-07 440 820118	87-11-11 440 870233	82-09-07 560 820119	87-11-11 560 870234	87-11-11 800 870235
Kísill(SiO_2)	58,4	58,6	87,6	93,9	106,5
Magnesíum(mg)	0,07	0,04	0,02	0,018	0,014
Klóríð(Cl)	251,7	235,7	480,0	447,9	496,5
Súlfat(SO_4)	64,1	64,1	151,5	148,2	167,3